

## STELPAN SEM REYNDI ALLT

*Ljóð eftir Huldu Maríu Halldórsdóttur, 16 ára nemandi í Vesturhlíðarskóla*

Ég er ein stelpa  
og labba upp brekkuna  
svo hitti ég krakka  
en þau vilja mig ekki  
ég reyndi að tala  
en þau gengu bara frá mér

Ég hélt bara áfram  
og fór inn í sjoppu  
þar voru strákar  
en þeir reyktu bara drasl  
ég reyndi að heilsa  
en þeir hlógu bara að mér

Ooh, allt er svo  
einmannalegt  
sjáðu alla vinahópana  
enginn þeirra vill hafa mig  
ég reyndi allt sem ég gat

Niðri í fjörunni  
rakst ég á stelpuhóp  
þær voru svo frekar  
og ráku tunguna út  
ég hlustaði ekki  
og fór mína eigin leið

Ooh, ég hélt bara áfram  
ég fór upp og niður  
þar voru krakkar  
stelpur og strákar  
ég talaði við þau  
en þau sögðu ekki neitt

Ooh, allt er svo  
einmannalegt  
sjáðu alla vinahópana  
enginn þeirra vill hafa mig  
ég reyndi allt sem ég gat  
Ooh, ég vil fá vini  
ooh, ég vil fá vini  
ooh, ég vil fá vini  
ég vil fá vini strax

Ég labbaði á heimleið  
þá rakst ég á stelpu  
hún var svo döpur  
ég reyndi að tala  
ég talaði við hana  
og við löbбуðum saman  
heim

Ooh, við urðum vinkonur  
ooh, við urðum vinkonur  
ooh, við urðum vinkonur  
við urðum vinkonur strax

Ooh, allt er svo gaman  
sjáðu alla vinahópana  
ooh, allt er svo gaman  
nú vilja allir hafa mig  
ég reyni allt sem ég get.



*Íslenskt **tákn**mál er okkar mál*





## Ritstjóra**PISTILL**

Heil og sæl, Nú er víst kærkominn tími á útgáfu DÖFFBLAÐSINS. Nú er um ár liðið síðan fyrsta DÖFFBLAÐIÐ leit dagsins ljós. Því hefur verið vel tekið af þeim sem það lesa. Á þessu ári er áætlað að 3 blöð komi út, nú í mars, í ág./sept. og svo um jólin. Öllum er frjálst að senda inn efni hverju nafni sem það nefnist, svo framarlega sem efnið er um heyrnarlausna og menningu þeirra.

Það helsta sem gerist í sumar er Norræn Menningarhátið heyrnarlausra sem haldin verður í Bornholm í Danmörku. Þar verður þemað „fjölskyldan“ og er fyrir alla hvort sem þeir sjálfir eru heyrnarlausir eða þá með heyrnarlausan í fjölskyldunni.

Nú læt ég hér staðar numið og vona að sem flestir hafi gagn og gaman af að lesa efni blaðsins.

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritstjóri

### Döffblaðið

**Ritstjóri:** Sigurlín Margrét Sigurðardóttir

**Ábyrgðarmaður:** Berglind Stefánsdóttir, formaður FH

**Ljósmyndir:** Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Bárá.

**Yfirferð:** Kristín Irene Valdemarsdóttir.

**Prentvinnsla:** Félagsprentsmiðjan ehf. Upplag: 500 eintök

**Útgefandi:** Félag heyrnarlausra, Laugavegi 26, 101 Reykjavík, Sími: 561-3560 (tal) Fax: 551-3567 Textasími: 551 3259.

**Félag heyrnarlausra er aðili að:** Dövas Nordiska Råd (DNR), World Federation of the Deaf (WFD) og Öyrkjabandalagi Íslands (ÓBÍ).

#### Stjórn Félags heyrnarlausra skipa:

Berglind Stefánsdóttir, formaður, [bettys@ismennt.is](mailto:bettys@ismennt.is),

Júlía Guðný Hreinsdóttir, varaformaður, [juliah@islandia.is](mailto:juliah@islandia.is),

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritari, [sigmars@islandia.is](mailto:sigmarsi@islandia.is),

Margræth Hartvedt, meðstjórnandi, [olgeirmagg@treknet.is](mailto:olgeirmagg@treknet.is),

Haukur Villhjálmsson, meðstjórnandi, [hokki@itn.is](mailto:hokki@itn.is),

Í varastjórn eru: Unnur Dóra Norðfjörð, [unnurdora@islandia.is](mailto:unnurdora@islandia.is),

Guðrún Ólafsdóttir, [gudruno@bi.is](mailto:gudruno@bi.is),

**Framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra:**

Hafðís Gísladóttir [feheyrn@ismennt.is](mailto:feheyrn@ismennt.is)

**Netfang ritstjóra:** [sigmars@islandia.is](mailto:sigmarsi@islandia.is)

## Norðurlandaráð heyrnarlausra (DNR)

Berglind Stefánsdóttir formaður Félags heyrnarlausra og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir ritari Félags heyrnarlausra fóru á fund Norðurlandaráðs heyrnarlausra (DNR) 25.-26. október sl.

Norðurlandaráð heyrnarlausra (Dövas Nordiska Råd, DNR) var stofnað árið 1907 og mun því eiga 90 ára afmæli á þessu ári. Á næsta ári er fyrirhugað að gefa út afmælisrit DNR og þar verður saga DNR rakin á þessu 90 ára starfstímabili. Ísland gerðist aðili að DNR árið 1974. Þau lönd sem eiga aðild eru Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland og Ísland. Áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum hafa stundum verið viðstaddir fundina.

Í þetta sinn var fjallað um verkefnalista landanna, sem eru margbreytilegir, Danir eru t.d. að vinna að mjög athyglisverðu verkefni með aldrað heyrnarlaust fólk. Verkefnið felst í því að kanna aðbúnað heyrnarlausra aldraðra inn á stofnum fyrir heyrandi aldraða. Finnar eru með margskonar verkefni í gangi á hverjum tíma. Nú eru þeir að gera allsherjar endurskipulagningu á öllum félags- menningar- og hagsmunamálum heyrnarlausra í Finnlandi og hafa fengið sér til aðstoðar sérfræði aðstoð frá ráðgjafa fyrirtæki. Í Noregi er verið að vinna við að sjá hvernig norsku táknaáslögin virka, auk þess sem verið er að gera endurskipulagningu á starfsemi félagsins þar.

Svíar eru á svipuðu róli og allir hinir, leggja áherslu á barnastarf sitt á táknaáslöðilegum grunni sem fyrr.

## Fréttatilkynning frá FOSH

Aðalfundur Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaupra var haldinn, sunnudaginn 23.nóvember 1997 í húskynnum Félags heyrnarlausra, Laugavegi 26, í Reykjavík. Venjuleg aðalfundarstörf fóru fram og voru eftirfarandi kjörnir í stjórn félagsins:

Formaður:	Málfríður Gunnarsdóttir
Varaformaður:	Gunnhildur Ása Sigurðardóttir
Gjaldkeri:	Jón Gunnar Jónsson
Ritari:	Valka Jónsdóttir
Meðstjórnandi:	Sæmundur Aðalsteinsson
Varamenn:	Kristín Ármannsdóttir og Jóhann Hlíðar Harðarsson

Á fundinum var samþykkt tillaga Ingibjargar Mariusardóttur, fráfarandi formanns um að gefa út sögu félagsins.

Gestur fundarins var Sighvatur Pálsson frá Hugfangi ehf. Hann sagði frá og sýndi nýja Tjáritann sem verið er að þróa sem textasíma.

*Málfríður Gunnarsdóttir, formaður FOSH*





## MatreiðsluHORNID

S. Elfa Bergsteinsdóttir túlkur á heiðurinn af uppskrift í þessu blaði að sinni, gefum henni orðið: Ég þakka Jóhönnu fyrir áskorunina og

sendi ykkur hér uppskrift af einum uppáhaldsréttum fjölskyldunnar. Þetta er uppskrift sem ég fékk í Danmörku þegar ég bjó þar, en samt er þetta grískur réttur. Það er notaður fetaostur í þennan rétt en hann fæst bæði hreinn í dósnum og með kryddblöndu í olíu, það er sá hreini sem er notaður í þessa uppskrift. Fetaostur er mikið notaður í grískan mat og salöt og er mjög vinsæll í Danmörku.

### GRÍSKT FARSBRAUÐ

500 gr. Nautahakk  
(eða 250 gr nautahakk og 250 gr svínahakk)  
1 stk egg  
60 gr soðin hrísgrjón  
(2-3 msk ósoðin)  
1 tsk salt  
1 msk hveiti  
sítrónupipar eftir smekk  
(ca 1 tsk)



Fylling:  
1 dós fetaostur  
1 dós hvítlauksrjómaostur  
1 búnt fresk steinselja  
1 búnt ferskt dill  
grófur pipar

Allt efnið í farsíð er hrært saman (athugið að hrísgrjónin eiga að vera soðin) og breytt út á bökunarpappír í ferhyrning aðeins stærri en símaskrá (bara klappað með höndum). Saxið eða klippið alla steinseljuna og dillið og stráið yfir farsíð. Hrærið saman hvítlauksostinn og fetaostinn (hellið fyrst safanum af). Ostablandan er lögð í ræmu langs eftir miðju farsinu, ekki alveg út á enda. Notið bökunarpappírinn til að rúlla farsinu saman og lokið vel að ofan og á endum, svo osturinn renni ekki út. Það er gott að setja bréfaklemmur á bökunarpappírinn á endum til að loka þessu vel. Setjið í eldfast mót og bakið við ca 200 °C í 45 mínútur. Eftir ca hálf tíma í ofninum á að taka bökunarpappírinn frá svo að farsíð brúnist að utan. Það er gott að láta farsbrauðið bíða í 5 mín eftir að það er tekið úr ofninum þá er betra að skera það. Berist fram með hrásalati t.d. jöklasalati (iceberg), tómötum og papriku, ásamt hrísgrjónum og hvítlauksbrauði. Verði ykkur að góðu.

## AUGLÝSING FRÁ RITSTJÓRA

*Síðasti skiladagur á efni fyrir*

*næsta DÖFFBLAÐ er*

**10. maí 1998**

SMS

## AUGLÝSING FRÁ SAMSKIPTAMIÐSTÖÐ HEYRNARLAUSRA OG HEYRNARSKERTRA

### VANTAR ÞIG TÚLK?

Ef þig vantar túlk er mikilvægt að pöntunin fari fram í gegnum Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

**Sími: 562-7702 eða 562-7738**  
**Textasími: 562-7789**  
**Fax: 562-7714**

Best er að pöntunin sé gerð með góðum fyrirvara (a.m.k. viku fyrirfram). Ef um neyðartúlkun er að ræða, utan dagvinnutíma, er hægt að hringja í síma 555-1268 og tala við Valgerði Stefánsdóttur sem mun finna túlk í verkefnið.

**Samskiptamiðstöð**  
**heyrnarlausra og heyrnarskertra**  
**Túlkþjónusta**



## BrandaraHORNID

Að þessu sinni er Daði Hreinsson þjálfari Ögra og landslið heyrnarlausra í handbolta nú gestur brandarahornsins, hér lætur hann tvo brandara flakka:

*Framari, KR-ingur og svertingi voru kallaðir inn á fæðingardeild þar sem ruglast hafði verið á börnunum þeirra og reyna átti að finna börnin út frá svip feðranna. Þegar hjúkrunarkonan lyftir upp barni svertingjans, segir Framarinn: Þetta er mitt barn og hrifsar það til sín. Neeii - segir hjúkrunarkonan og bendir á hörundslit barnsins. Jú, segir Framarinn, ég tek ekki séns á að fá KR-ing inn á heimili mitt.*

*— og einn fyrir börnin. Tveir Hafnfirðingar sátu saman á kaffihúsi, þegar annar segir: Sérðu skóginn þarna? Þá segir hinn: Neeii - trén eru fyrir*

Daði skorar á Magnús Sverrisson að koma með efni í brandarahornið í næsta DÖFFBLAÐ

## FÉLAG HEYRNARLAUSRA Á VERALDARVEFNUM (INTERNETINU)

Nú er Félag heyrnarlausra komið á Veraldarvefinn.

Slóðin er: <http://www.itn.is/~hokki/fh/>  
Netfang ritstjóra: [sigmars@islandia.is](mailto:sigmarsi@islandia.is)



# Viðtal við Tom Fjordefalk

## leikstjóra Tyst Teater frá Svíþjóð

Í tilefni heimsóknar Tyst Teater til Íslands í byrjun nóvember tók ég viðtal við Tom Fjordefalk leikstjóra og leikarana Jianu Iancu og Vinettu Lyxell. Þessi viðtöl eru fróðleg og um fagfólk að ræða, öll hafa þau ólíkan bakgrunn en

sameiginlegur og óeigingjarn áhugi á leiklist heyrnarlausra tengir þau saman.

Tom Fjordefalk var fyrstur til að svara forvitnum spurningum ritstjóra.



Tom Fjordefalk

*Jæja, Tom þú ert heyrandi leikstjóri sem hefur getið þér góðs orðs, segðu mér hvernig tengdist þú heyrnarlausum og Tyst Teater?*

Ég kynntist heyrnarlausum þegar ég kenndi við leiklistar-akademiuna í Stokkhólmi. Þar var svokallaður táknmalshópur við nám og forsvarsmenn hópsins báðu mig að kenna hópnum leiklist. Eftir nokkra umhugsun ákvað ég að slá til og þar með kynntist ég heyrnarlausum og menningu þeirra. Seinna, eftir leiklistar-kennsluna var mér boðið að leikstýra stórrí sýningu Tyst Teater, Stormen eftir William Shakespeare, árið 1994. Sú sýning hlaut mjög góða dóma sænskra leiklistargagnrýnenda og var valin ein af þeim 10 bestu úr 400 leikverkavali í Svíþjóð hjá samtökum leiklistargagnrýnenda í Svíþjóð. Þetta var mikill heiður.

*Hvað er leikhús heyrnarlausra?*

Leikhús heyrnarlausra er leikhús þar sem leikarar eru heyrnarlausir og leikið er á táknmáli, en þó notum við ekki einungis táknmál, heldur einnig alla okkar leikreynslu þannig að útkoman verður fyrst og fremst sjónræn. Þannig eiga sýningar í leikhúsum

heyrnarlausra að vera aðgengilegar bæði heyrnarlausum og heyrandi. Slíkar sýningar geta vissulega verið ákveðin hindrun fyrir heyrandi, vegna málsins, en það er heldur ekki algilt að allir heyrnarlausir skilji það sem fram fer á sviðinu. Markmiðið er að boðskapur handritsins komist til skila, það gerist kannski ekki strax eftir áhorf, oft veltir áhorfandinn verkinu fyrir sér í langan tíma eftir sýningu og kemst að lokum að því hver boðskapurinn var, kannski hálfu ári eftir sýningu. Ef slíkt gerist þá er tilganginum náð og við ánægð með útkomuna. Bæði heyrandi og heyrnarlausir eiga að vera markhópur leikhúss heyrnarlausra.

*Er rík leiklistarhefð meðal heyrnarlausra í Svíþjóð?*

Nei, það er ekki hægt að segja að svo sé. En þó má segja að áhugi á leiklist heyrnarlausra sé til staðar og margir vilja læra leiklist og vinna hjá Tyst Teater, en það er ekki sjálfgefið að allir komist að. Í sýningum og við undirbúning notum við leikræna tjáningu og slík tjáning er vinsæl hjá heyrnarlausum núna. Til að skapa leiklistarhefð verður að vinna markvisst að leikrænni tjáningu hjá grunnskólanemendum, en það er ekki sjálfgefið að allir hafi áhuga á leiklist eða sækji leikhús. Hver og einn einstaklingur hefur sitt áhugasvið og hvert svið getur verið margbreytilegt eftir því hver á í hlut hverju sinni.

*Tyst Teater hefur sett upp verk eftir ólíka höfunda, allt frá alvarlegum Shakespeare í léttúðugan gamanleik, segðu mér, hvernig veljið þið leikverkin og hvað hafið þið að leiðarljósi?*

Valið er ekki auðvelt og á ekki að vera auðvelt. Fyrst þegar leikverk er valið, ræða leikarar Tyst Teater sín á milli um mörg verk og mörg leikverk eru lesin og tekin til athugunar. Við fáum ráð frá leiklistarráðgjöfum Riksteateren og framboði leikverka fækkar, að lokum verður eitt leikverk fyrir valinu. Að baki hverju leikverki er mikil vinna, hvort sem það er stórt eða smátt. Verkið sem nú er í burðarliðnum „Inta jag har döva øran“ er hinsvegar valið af mér og að baki því liggur mikil vinna. Það er sett saman af þremur ólíkum höfundum þeim Ullu Bell Thorin, sem er heyrnarlaus sænskur rithöfundur og hefur skrifað ævisögu sína um það að vera heyrnarlaust barn, Samuel Beckett sem óþarfi er að kynna og Susanne Tamaro, ítölskum höfundi bókarinnar „Fylgdu hjarta þínu“. Ég ásamt vini mínum unnum saman að þessu leikverki og útkoman varð „Inta jag har döva øran“. Það var áhugavert og spennandi að kljást við handritsskrif á leikverki. Þó var erfiðast að blanda CI (Cohlear Implant/Kuðungsígræðsla) inn í verkið. En við gerðum það vegna þess að CI er nokkurskonar aðferð til að hóta málinu. Í bók Samuels Beckett kemur vel fram hvernig ekki er hægt að tjá sig en við sýnum að það er alltaf hægt að þrýsta töluðu eða táknðu máli fram, hvernig sem reynt er að halda því í skefjum og CI þrýstir táknmálinu niður, í skilningi heyrnarlausra almennt. Málið eða táknmálið í „Inta jag for döva øran“ hefur sterka rót.



# Grasrót Tyst Teater

Viðtal við Vnette Lyxell

*Viltu segja lesendum DÖFFBLAÐSINS frá sjálfri þér og afhverju þú snérir þér að leiklist?*

Ég er heyrnarlaus, fædd í Vanersborg í Svíþjóð og gekk þar í heyrnleysingjaskóla. Sem unglingur hafði ég áhuga á leiklist, en ég lét mig aldrei dreyma um að leiklistin yrði lífstíðarstarf. Auðvitað heillaði margt á unglingsárunum og meðal annars það að verða ballerína. Ég átti heyrandi vinkonu sem gekk í ballettskóla og stundum fékk ég að fljóta með á æfingu. Ballett lærði ég þó aldrei beint sjálf, heldur hreifst af honum þegar ég horfði á nemendur ballettskólans æfa. Eftir almennt grunnskólánám fór ég hins vegar í hönnunar- og klæðskeraskóla, en hætti því miður í miðju námi vegna giftingar og barneigna. Eftir að hafa alið tvö börn upp árið 1969 snéri ég dæminu við og skráði mig í og fór á vikunámskeið í skapandi leiklist í Vastanvikfólkhøgskola, lýðháskóla fyrir heyrnarlausra í Leksand. Þetta námskeið var fyrsta leiklistarnámskeiðið sem haldið var fyrir heyrnarlausra. Á þessum tíma könnuðu Sveriges Døvas Riksförbund (SDR) og Arbets-Bild Forbund (ABF) menntunar- og starfsmöguleika heyrnarlausra og var leiklist einn þeirra möguleika sem heyrnarlausum bauðst, þannig var þetta námskeið tilkomið. Við vorum 20 sem vorum á námskeiðinu en 6 voru valin til að halda áfram og ég var meðal þessara 6. Ákveðið var að stofna leikhús heyrnarlausra og starfsemi leikhússins spannaði 2 mánuði á ári. Sjálf unnum við allt sem

Ástæðuna fyrir því að blanda CI inn í leikverkið má einnig rekja til þess að umræðan um CI er sterk hjá heyrnarlausum og mörgum þykir CI auka vanda heyrnarlausra barna, því þau eru send heilbrigð í aðgerð en eftir aðgerð þurfa þau að glíma við fleiri vandamál en þau glímdu við fyrir aðgerð. Áhorfendur dæma hinsvegar sjálfir hvaða boðskap þeir hafa meðtekið í leikritinu „Inta jag for döva øran“.

*Hér á Íslandi er ekki leikhús heyrnarlausra og þar af leiðandi hefur ekki skapast leiklistarhefð meðal heyrnarlausra og markviss áhugi heyrnarlausra á leiklist er ekki fyrir hendi. - Getur þú gefið áhugasömum góð ráð um stofnun leikhóps heyrnarlausra hér á landi?*

Mikilvægast er að allir sem standa að leikhópnum þekki vel til leikrita og leikverka, auk þess þurfa heyrnarlausir að vera vel meðvitaðir um táknmálið. Í leikhúsi heyrnarlausra er mikilvægt að aðaláherslan sé lögð táknmálið. Í því sambandi er nauðsynlegt að það sé skýrt og í fullum tengslum við menningu heyrnarlausra hér á landi. Fyrir utan þetta er auðvitað grundvallaratriði að finna verðugt leikverk til að kljást við, mikilvægt er að það sé ekki tekið beint úr hversdagsleikanum. Ég get bent ykkur Íslendingum á Íslendingasögurnar sem hljóta að vera áhugaverðar og spennandi verkefni fyrir leikstjóra og leikara, þar með hafið þið gott og gilt leikverk sem hefur boðskap. Ég tel einnig mikilvægt að að táknálmálsleikhópurinn starfi í samvinnu við stórt leikhús, þar sem hægt er að fá búnað, aðstöðu og góð ráð. Lítil leikhópur þarf „stóran bróður“ til að láta styðja við bakið á sér, og „stóri bróðir“ verður að vera duglegur að halda „þeim litla“ við efnið.

SMS



Vnette Lyxell

tengdist leikhúsinu ferðuðumst t.d. um alla Svíþjóð á gömlum bíl með allt okkar hafurtask og lékum. Við sömdum handrit, saumuðum búninga og sáu um vinnslu sviðsmyndar. Þetta var erfitt en umfram allt skemmtilegt og spennandi. Þannig að hægt er að segja að við 6 séum grasrót Tyst Teater. Svona gekk þetta í 4 ár eða þangað til okkur var fækkað í 3 en þá hafði starfsemi leikhópsins breyst þar sem nú var unnið allan ársins hring. Árið 1977 varð leiklist heyrnarlausra aðal umræðuefnið á Ríkisdagsþinginu og í framhaldinu var ákveðið að Tyst Teater fengi ákveðið fjárframlag ár hvert. Þar með heyrði Tyst Teater undir Riksteateren í Stokkhólmi. Leikarastöðurnar voru auglýstar, ég sótti um og var ráðin. Síðan eru 20 ár liðin. Ég á margar góðar minningar úr þeim leikverkum sem ég hef unnið við, auk þess sem ég tel sjálfa mig hafa lært mikið af þessu starfi.

*Hefur þú menntað þig sérstaklega á leiklistarsviðinu, eftir þetta stutta námskeið í Leksand 1969?*

Ef þú ert að velta því fyrir þér hvort ég hafi farið í formlegt leiklistarnám þá hef ég ekki gert það. En ég hef hinsvegar sótt ótal leiklistarnámskeið bæði í Svíþjóð og erlendis. Auk þess hef ég unnið með mörgum leikstjórum sem hafa verið dýrmætur skóli. Maður er stöðugt að læra eitthvað nýtt um leiklist og leikhús.

*Tyst Teater er þekkt leikhús í samfélagi heyrnarlausra og þið hafið víða komið við, hvað er framundan eftir Íslandsferðina?*

VL: Við erum mikið á faraldsfæti. Í byrjun desember förum við í langt ferðalag til Síberíu og sýnum þar í 10 daga. Við sýnum verkið „Inta jag for döva øran“. Það verður langt ferðalag þar sem við þurfum að keyra mikinn hluta leiðarinnar. En það verður auðvitað skemmtilegt líka einsog öll önnur ferðalög sem við höfum farið í. Ef til vill er skemmtilegasti þátturinn í ferðalögum þá að hitta annað fólk sem hefur ólíkt mál og ólíka menningu.

SMS



# Jianu lancu

**Hvernig stendur á því að þú vinnur með Tyst Teater í Svíþjóð sem er svo langt frá föðurlandinu, Rúmeníu?**

Ég er fæddur í borginni Craiova sem er um 250 km frá höfuðborg Rúmeníu, Búkarest. Ég fæddist heyrandi en missti heyrn 2 ára gamall vegna heilahimnubólgu. Í Craiova gekk ég í heyrnarleysingjaskóla og eftir venjulegt skyldunám fór ég í lðnskóla fyrir heyrnarlausra og útskrifaðist þaðan sem pípulagningamaður. Þegar námi lauk helldi ég mér út í vinnu, en það stóð ekki lengi, því ári síðar, nánar tiltekið árið 1973 var ég valinn í fótþolatalandslið heyrnarlausra í Rúmeníu. Fótþolatalandsliðið fór á Heimsleika heyrnarlausra í Malmö sumarið 1973 og eftir Heimsleikana varð breyting á högum mínum, ég ákvað að fara ekki aftur til Rúmeníu með liðinu og varð eftir í Svíþjóð, fékk vinnu hjá Ericsson símafyrirtækinu og vann þar í 6 ár eða til ársins 1979, þá var mörgum sagt upp og þar á meðal mér. Í framhaldinu lá leiðin í Vastanvík lýðháskóla fyrir heyrnarlausra en þar lærði ég sænsku, enda kominn tími til. Fyrir utan námið í lýðháskólanum var mikið um að vera hjá nemendunum og þá sérstaklega á kvöldin þegar við stunduðum nokkurs konar spuna. Lars Kurth, þáverandi formaður Sveriges Dövas Riksforbund (SDR), fylgdist með spunaæfingunum og fannst ég standa mig vel og hann hvatti mig til að ganga til liðs við Tyst Teater, sem ég gerði. Fyrst gerði ég 6 mánaða samning til reynslu. Það má því segja að þessir 6 mánuðir hafi orðið að 17 árum.

**Hefur þú farið í leiklistarskóla?**

Nei, ég hef ekki farið í leiklistarskóla, en ég hef notið leiðsagnar ýmissa leikstjóra og með þeirra hjálp fundið þann stíl sem hefur einkennt leik minn á sviði á þessum 17 árum.

## Táknmálsfréttir

Táknmálsfréttanefnd Sjónvarpsins auglýsir hér með eftir 2 táknmálsfréttapulum. Umsækjendur verða að vera heyrnarlausir og hafa góð tök á táknmáli auk íslensku. Þeir sérstaklega að vera góðir að lesa íslensku og færa málið yfir á táknmál. Áhugasamir sendi nafn og síma til formanns táknmálsfréttanefndarinnar Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Rjúpnahæð 5, 210 Garðabæ. Fyrir 21. apríl nk. Haft verður svo samband við umsækjendur eftir þann tíma.

## Fagfélag heyrnarlausra stofnað

Um miðjan nóvember var stofnað Fagfélag heyrnarlausra. Félagið hefur það að markmiði sínu að efla þekkingu heyrnarlausra á málefnum sínum, sérstaklega til þeirra sem vinna sjálfir með þessi mál. Formaður félagsins er Þórdís Unnur Þórðardóttir. Meira verður sagt frá félaginu í næsta DÖFFBLAÐI.

**Þú hefur leikið í mörgum leikverkum, áttu þér eitthvert upphalds verk?**

Eftirminnilegasta verkið er Tartuffe eftir Moralles. Tartuffe er kómedía, í því verki lék ég mann sem þykist vera prestur og vefur fólki um fingur sér, tekst að koma sér í mjúkinn hjá ríkri fjölskyldu og gengur svo langt að tálðraga tilvonandi eiginkonu sonarins. Þetta var erfitt, en jafnframt mjög skemmtilega verk. Af öðrum verkum sem standa upp úr eru til dæmis; Ekkjan eftir Moralles og Feriet eftir Thaiskvosky.

**Hvernig meðtaka áhorfendur leiklist Tyst Teater?**

Tyst Teater hefur breyst mikið á 20 ára starfsferli, og þróast frá því að vera áhugamannaleikhús í það að vera leikhús heyrnarlausra byggt á faglegum grunni. Á upphafsárunum var táknuð sænska mikið notuð og heyrnarlausir áhorfendur voru ekki hrifnir og gagnrýndu verkin, leikarana og leikinn. Nú hafa áherslurnar breyst og við notum tákna í öllum leikverkum. Við fáum aðstoð frá táknaáskild Stokkhólmsháskóla við gerð textanna og sú samvinna hefur skilað sínu, þar sem við fáum nú betri gagnrýni en áður. Það sýnir að við erum á réttri leið.

**Hvað getur þú sagt mér um framtíð Tyst Teater?**

Ég tel Tyst Teater eiga framtíð fyrir sér. Ungt heyrnarlaust fólk hefur áhuga á leiklist, auk þess sem margir hafa leiklistarhæfileika. Þetta fólk á eflaust eftir að koma fram á sviði Tyst Teater síðar og halda uppi þeirri ímynd sem Tyst Teater hefur skapað á 20 ára starfsferli sínum.

## Tilkynning frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Samskiptamiðstöð hefur opnað heimasíðu á Internetinu. Slóðin er: <http://www.centrum.is/~shh>. Þar eru upplýsingar og fréttir um Samskiptamiðstöðina, tengingar á ýmsum síðum og dagsetningar táknmálsnámskeiða.

## Döffrætur

Döffrætur er nýstofnað félag heyrnarlausra foreldra sem eiga heyrandi börn. Félagsmenn eru heyrnarlausir foreldra heyrandi barna. Markmið félagsins er að sinna hagsmunamálum þessa hóps svo og hafa ýmiskonar fræðslustarfsemi fyrir heyrnarlausra foreldra um börn þeirra, s.s. táknmáls- og máltöku barnanna, dagvistunarmál og fleiri góð fræðsluerindi. Félagstarfið verður mest mótað á næsta ári og verður þá farið í útivistarferðir sem taka mið af árstíma hverju sinni.



# Fjölbreytt og skemmtilegt starf

Viðtal við Sigrúnu Eddu Theodórsdóttur nýútskrifaðan túlk frá Háskóla Íslands

Nú í haust útskrifuðust fyrstu túlkarnir frá Háskóla Íslands. Með þessu er stórum áfanga í tülkaþjónustumálum heyrnarlausra náð. Allir túlkarnir sem útskrifuðust hafa fengið vinnu sem túlkar og vinna ýmist við túlkun í skóla, við félagslegar og heilbrigðislegar aðstæður hverju nafni sem þær nefnast en eru allar hluti af daglegu lífi heyrnarlausra. Þetta er viss áfangasigur fyrir samfélag heyrnarlausra í heild. Samkvæmt upplýsingum frá Svandísi Svavarsdóttur kennslustjóra HÍ í táknmáls og tülkafræði eru núna 7 tülkanemar í námi á þessari önn og næstu önn og munu að öllum líkindum útskrifast sem túlkar í haust. Er þá komin dágóð búbot í tülkaþjónustu fyrir heyrnarlausra. En þó er rétt að geta þess að framtíð táknmáls og tülkanáms við HÍ er nokkuð óljós í dag þar sem ekki voru teknir inn nýnemar í táknmálsfræði og ekki vitað hvort það verði gert á næstu árum. Vegna þessa stóra áfanga tók ritstjóri viðtal við einn nýútskrifaðan túlk Sigrúnu Eddu Theodórsdóttur, sem er ráðin í fullt starf sem túlkur Berglindar Stefánsdóttur skólastjóra Vesturhlíðarskóla.

**Sigrún Edda, mér leikur á forvitni að vita hvaðan áhugi þinn á táknmáli sé komin?**

Já, ég fékk áhuga á táknmáli þegar ég var að vinna með þroskahæftan heyrnarlausan einstakling fyrir svona um 9 árum síðan, á sama tíma og ég var í menntaskóla. Ég lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík og fór á mitt fyrsta táknmálsnámskeið þar sem Júlía G. Hreinsdóttir og Berglind Stefánsdóttir kenndu. Þar frétti ég af skipulögðu námi í Háskóla Íslands í táknmálsfræði, sem verið var að undirbúa á þessum tíma. Ég ákvað að fara í þetta nám og lét mig hafa það að biða í 5 ár eða þangað til haustsins 1994 þegar það varð að veruleika. Eftir tveggja ára nám í táknmálsfræði, tók ég inntökupróf í tülkanámið sem var eins árs viðbótarnám og náði og hér er ég nú starfandi sem túlkur.

**Mér hefur verið sagt að þú hafir mikinn áhuga á öllu því sem viðkemur heyrnarleysi og menningu heyrnarlausra?**

Já, mér finnst bara verst að það sé ekki hægt að stunda viðbótarnám í HÍ í sambandi við menningu heyrnarlausra. Nú í vor fer ég kannski með kennurum hérna í Vesturhlíðarskóla til Bandaríkjanna að heimsækja hina virtu menntastofnun heyrnarlausra á alþjóðamælikvarða, Gallaudet, sem flestir hafa einhvern tímann heyrt um í sambandi við háskólamenntun heyrnarlausra. Ég held að mér sé óhætt að segja að þessi ferð verði á sinn hátt hættuleg fyrir mig því þá sé ég þarna þá ótalmörgu möguleika á viðbótarnámi um menningu og sögu heyrnarlausra og á í hættu að skrá mig bara í nám þarna á staðnum, hver veit. Það er líka annar möguleiki fyrir hendi að fara til viðbótarnáms á Norðulöndum og læra eitt af Norðurlandamálum til fulls, það er góð viðbót við táknmáls túlkun, því þá er maður fær að tülka af norðurlandamáli yfir á íslenskt táknmál, tildæmis á ráðstefnum.

**Hvað um framtíðina í túlkun?**

Já, túlkun er aldrei eins frá degi til dags, það gefur manni möguleika á að vinna með mismunandi tülkaverkefni sem ég vil einmitt gera, í því felst viss metnaður að vera góður túlkur og geta tülkað við öll tækifæri, reynslan sjálf er dýrmætasti skólinn.

Sjálf hef ég hug á að kanna leiðir til að stofna sjálfstætt starfandi tülkaþjónustu núna eftir áramótin. Með því að starfa sjálfstætt geri ég kannski meiri kröfur til sjálftrar míns og þarf að skipuleggja allt sjálf og gera allt á mínar eigin spýtur. Þar gefst mér tækifæri til að reyna meira á sjálfa mig bæði sem tülks og skipuleggjanda, því þetta er um leið mín eign og þá verður maður að vera mjög metnaðarfullur túlkur í að láta verkið takast eins vel og á að vera. Þetta er algjört draumaverkefni, en ég trúi sjálf að þetta geti orðið að veruleika síðar meir.

Ég veit líka að það verður ekki auðvelt mál að stofna sjálfstætt starfandi tülkaþjónustu vegna þess að það eru ekki til lög um tülkaþjónustu heyrnarlausra og því enginn lagabókstafur að styðjast við í þeim efnum. Með stofnun sjálfstætt starfandi tülkaþjónustu er líka haft það að leiðarljósi að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir geti haft fullkomið val um notkun á túlki, það er líka þeirra réttindamál að fá að velja sjálf.

**Hvernig fannst þér sjáfrí táknmáls- og tülkanámið vera byggt upp í HÍ?**

Það var kennt mikið um menningu heyrnarlausra og táknmálið. Það er þó alltaf hægt að læra meira og alltaf eitthvað sem manni finnst vanta, vegna þess að menningin er lifandi og margbreytileg á sinn hátt. Í tülkanáminu sem var kennt á þriðja og síðasta árinu í HÍ fannst mér helst mikið vanta í að fá meiri þjálfun í raddtülkun. Í tülkanáminu sjálfu hittir maður mest sama fólkið þ.e. '64 árganginn en svo þegar maður er komin út í almenna túlkun þá tülkar maður fyrir mismunandi hópa til dæmis lítil börn, nemendur og eldra fólk sem maður hittir nánast ekkert á námstímanum. Það þarf því að taka svoltinn tíma til að læra á málsnið þessara aldurshópa. Ég hefði sjálf viljað hitta þennan hóp á námstíma mínu en ég veit ekki á hvers ábyrgð það sé að skipulegga „stefnumót“ við þennan hóp til að læra á hann, skólans sjálfs eða nemandans sjálfs, en það hefði engu að síður verið mjög gott að fá að hitta þennan hóp fyrir alvöru tülkunina sjálfa. En ef tülkanemi vill vera góður túlkur og gera miklar kröfur til sjálfs síns sem tülks þá á hann sjálfur að vera mikið meðvitaður og inn í samfélagi heyrnarlausra til að læra á málsnið aldurshópanna sem þar eru. Túlkurinn verður líka að hafa það í huga að hann er ekki bara hlutlaus manneskja út í bæ, heldur er hann líka hluti af heildinni sem tengir heyrnarlausra við samfélagið. Góður túlkur þarf að þekkja vel sín takmörk.



SMS



# Viðtal við Önnu Guðlaugu Gunnarsdóttur

## - nýútskrifaðan þroskaþjálfar

Anna Guðlaug Gunnarsdóttir er heyrnarlaus. Hún er fædd 17. júlí 1966. Anna Lauga, eins og hún er kölluð í daglegu tali, býr í Hafnarfirði ásamt tveimur dætrum, Anítu Maríu 14 ára og Stellu Vigdísi 12 ára. Það er sannkallað fagnaðarefni að Anna Lauga hafi lokið þroskaþjálfaprófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (ÞSÍ) s.l. vor og því vel við hæfi að taka við hana viðtal.



**Ég óska þér til hamingju með þennan áfanga! Óhætt er að segja að fremur fáir heyrnarlausir hafa útskrifast úr framhaldsskóla hér á landi. - Viltu segja mér lítillega frá náminu og hvernig það var byggt upp til að þjóna þínum þörfum?**

Þakka þér fyrir! Það er ánægjulegt að hafa lokið náminu, sérstaklega með tilliti til aðdraganda þess. Þegar ég hóf nám í ÞSÍ var markmiðið ekki að verða þroskaþjálfari, ég ætlaði einungis að taka námstilboði (tvö, þrjú fög) sem starfsfólki á dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra (Vinahlíð) var boðið upp á. Þegar námstilboðinu lauk var mér boðið, af skólastjóra ÞSÍ Bryndísi Víglundsdóttur, að bæta við mig fleiri fögum til að auka þekkingu mína. Ég þáði það boð. Þegar leið á lok annarinnar ræddi skólastjórinn um að ég ætti að stefna að áframhaldandi námi. Fyrst taldi hún best að ég tæki námið í áföngum en færi seinna í fullt nám. Ég hóf því nám í skólanum en efaðist um eigið ágæti. Fyrst notaði ég FM tæki og táknmálstúlk, auk þess sem ég fékk aðstoð við glósugerð. Það var erfitt. Eftir fyrstu önnina ákvað ég að hætta að nota FM tækið og nota einungis táknmáls- og rittúlk. Þetta tímabil var spennandi en krefjandi, ég var í fullu starfi með náminu, auk þess sem ég var að læra að kenna táknmál á sama tíma. Í skólanum eignaðist ég marga góða vini sem ég mun seint gleyma, þau ásamt skólastjóranum kappkostuðu að ég hefði ávallt túlk og gengu m.a. fram í því að ég hefði túlk í útskriftarferð sem farin var til Bandaríkjanna og á árs hátíð skólans, sem var ný upplifun. Í stuttu máli má segja að hvatningin frá Bryndísi Víglundsdóttur hafi verið mér ómetanleg og sú hvatning hafi haldið mér fljótandi þessi ár sem ég var við nám.

**Hvaða störf er þroskaþjálfari ætlað að vinna?**

Starf þroskaþjálfara er viðamikíð og spannar fjölbreytt svið. Þroskaþjálfar starfa á ýmsum stofnunum s.s. á leik- og grunnskólum, við sambylí fatlaðra, á dvalarheimilum aldraðra og við ýmislegt annað. Í raun má segja að þroskaþjálfar starfi þar sem einstaklingar þurfa aðstoð til aukins þroska og sjálfstæðis. Víða er mikil þörf á þroskaþjálfum hér á landi. Þeir vinna með einstaklingum á öllum aldri og með allskonar fatlanir. Þroskaþjálfar setja upp einstaklings- og heildaráætlanir fyrir stofnanir sem þeir vinna við, og vinna markvisst eftir þeim og eins og gefur að skilja fylgir mikil ábyrgð þessu starfi. Með slíkum áætlunum er reynt að hafa mannlegt gildi, þroska og sjálfstæði einstaklingsins að leiðarljósi. Þetta er spennandi starf og gefur mikið af sér.

**Þú gerðir foreldrahandbók fyrir foreldra heyrnarlausra barna sem var lokaverkefni þitt í ÞSÍ, verkefnið hlaut hæstu einkunn, viltu segja mér hvað hvatti þig til að gera bókina og um hvað hún fjallar og á hvern hátt nýtist hún foreldrum best?**

Í gegnum starf mitt á SHH hafði ég hitt foreldra heyrnarlausra og heyrnarskertra barna sem kvörtuðu sáran undan því að þau fengu ekki nægar upplýsingar um heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi á sama tíma og þau fengu greiningu á barninu. Foreldrunum fannst þau bjargarlaus. Með þessa vitneskju í huga datt mér í hug að handbók fyrir foreldra gæti verið hluti af lokaverkefni mínu í ÞSÍ. Ég lagði þessa tillögu fyrir kennarana mína og hún var samþykkt. Til að byrja með gerði ég könnun á því hvort að þörf væri fyrir aðgengilega handbók. Allir foreldrarnir svöruðu játandi. Þar með hófst vinnan undir góðri leiðsögn. Þegar ég byrjaði sá ég að þetta yrði yfirgripsmikið verkefni, þar sem ég vildi hafa handbókina aðgengilega öllum, hvort sem um var að ræða foreldra heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna. Miklvaegt þótti mér að foreldrar fengu allar upplýsingar sem þeir þarfnast frá fyrstu hendi. Foreldrahandbókin fjallar um alla þá þjónustu sem fyrir hendi er fyrir heyrnarlausra og heyrnarskertra, auk þess sem þar er fjallað um mál og menningu heyrnarlausra og heyrnarskertra. Handbókin er nokkurs konar uppflettirit sem foreldrar eiga að fá um leið og barn þeirra greinist heyrnarlaust eða heyrnarskert. Ég á mér þann draum að fá styrk til að fullvinna foreldrahandbókina og að henni verði dreift til allra foreldra heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Auk þess sem nauðsynlegt er að foreldrahandbókin verði í stöðugri þróun, í hana verði settar nýjar upplýsingar jafnóðum. Foreldrahandbókin er þó engin töfralausn heldur einskonar leiðbeinandi uppflettirit. Í bókinni eru foreldrar hvattir til að hitta aðra heyrnarlausra/-skerta einstaklinga, auk þess sem þar er lögð áhersla á að nauðsynlegt sé að hitta annað fólk í sömu aðstöðu.

**Nú starfar þú á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, - í hverju felst starf þitt?**



Ég hóf störf á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra s.l. haust og vinn aðallega við táknmálkennslu, auk þess hef ég annast ráðgjöf og haldið fyrirlestra fyrir foreldra og kennara í leik- og grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni þar sem heyrnar-skertir nemendur eru.

### Undanfarin ár hefur þú unnið með daufblindum og ert fulltrúi Félags heyrnarlausra í stjórn Daufblindrafélags Íslands, - hvernig fötlun er daufblinda og hver eru markmið félagsins?

Daufblindir á Íslandi eru það sem ég kalla „gleymdur hópur“. Það var ekki fyrr en um 1993 að farið var að sinna málefnum þeirra að einhverju ráði. Daufblinda er fötlun sem lýsir sér þannig að einstaklinginn skortir bæði sjón og heyrn, þó mismikið í hverju tilfalli. Daufblindir nota mismunandi samskiptaleiðir og eru mjög ólíkir. Í Daufblindrafélagi Íslands eru fáir félagsmenn, aðeins 11 -12, en talið er að daufblindir séu um 35 - 40 á Íslandi. Hópurinn hefur þó reynt að halda saman og t.d. farið í sumarbústaðarferðir, á námskeið erlendis, haldið matarveislur saman og lögð er áhersla á tölvusamskipti þeirra á milli. Markmið Daufblindrafélags Íslands er að rjúfa einangrun félagsmanna og auka möguleika þeirra á þátttöku og aðgengi í samfélaginu. Daufblindraráðgjafi er starfandi í skrifstofu Daufblindrafélagsins í húsnæði Blindrafélags Íslands við Hamrahlíð. Norðurlöndin hafa verið virk í starfi daufblindra og Daufblindrafélagið á Íslandi er aðili að Norðurlandaráði Daufblindra.

### Þar sem þú hefur greinilega velt þessum málum mikið fyrir þér langar mig að spyrja þig hvort þú getir sagt mér hvernig þú viljir sjá framtíð heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra fyrir þér?

Í framtíðinni vonast ég til þess að heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum verði veittur ótakmarkaður aðgangur að túlki, auk þess sem þeir ættu að fá fría túlkabjónustu og eiga kost á skrifttúlki. Allt íslenskt tal í sjónvarpi ætti að texta eins og talað er, en ekki umorða eins og gert er í dag. Öll heyrnar- og hjálpartæki ættu að vera frí. Og, síðast en ekki síst, táknmál ætti að viðurkenna sem móðurmál heyrnarlausra.

SMS

Úr handbók  
Önnu G. Gunnarsdóttur

## 13. Ráðstefna NAS

(Nordisk Audiologisk Selskap)

Ráðstefna NAS verður haldin í Borgarleikhúsinu í Reykjavík 18.-21. Júní 1998

Á ráðstefnunni verður talað um heyrnartap, kuðungs-ígræðslur (CI) hjá börnum og nútímaheyrnartæki. Allir fyrirlesarar eru frá Norðurlöndum. Kostnaður við ráðstefnuna er kr. 24.000,- sé bókað fyrir 1. Mars 1998 en eftir 1. Mars kostar kr. 30.000,- Þeir sem hafa áhuga á að fara á ráðstefnuna geta snúið sér til: Iceland Incentives Inc. Hamraborg 1-3, 200 Kópavogur. Sími: 554 1400 og Fax: 554 1472.

Frekari upplýsingar um ráðstefnuna og dagskrá hennar geta Friðrik Rúnar og Birgir Ás í Heyrnar- og talmeinarstöð Íslands, Háaleitisbraut 1, Reykjavík gefið.

## Norræn menningarhátíð heyrnarlausra 1998

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra verður haldin í Bornholm í Danmörku 5.-9. Júlí. Þema hátíðarinnar er fjölskyldan. Á hátíðinni verða fyrirlesarar um fjölskylduna, stutt fjölskylduferðalög, verkstæði og margt annað sem er helgað fjölskyldunni. Félag heyrnarlausra verður þeim sem hafa áhuga að fara innan handar við þöntun á gistirými á Bornholm, en það verður að panta mjög fljótt núna eftir áramótin því þetta er mjög vinsælt og gistirými verður fljótt uppantað. Á skrifstofu FH eru til staðar skráningseyðublöð á hátíðina. Þáttökugjald á hátíðina er DKr. 800,- (ca. 8,000,- ískr.) Dagskrá hátíðarinnar er þó ekki komin, en væntanleg í byrjun febrúar.

SMS


### Félagsmiðstöðin Stjörnuþær

Félagsmiðstöðin Stjörnuþær er starfræki við Vesturlitarskólann. Flest börnin sækja félagsmiðstöðina eftir skólatíma. Þar fer fram félagsstarfsemi af ýmsu tagi, svo sem leikir, vísu, höm geta spilað kórufótbolta og fótbolta. Einnig er farið í vettvangsferðir, sund, keiða og o.s.frv..

Félagsmiðstöðin samvinnur við fjöðra- og tónlistarstöð Reykjavíkur.



Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á tónlistardagana t.d. námskeið í hattagerð, keiða, dans og bogfimi. Síðan eru svona sem kallað er "skammflí" klúbbsstarfsemi, þá er boðið upp á nokkurs konar klúbba í námskeiðaformi s.s. kokkakeið, fíndurklúbb og fleira. Nemendur skólans framleiða kvikmyndir þar sem þau sjá um allt sjálf, sem þarf til kvikmyndagerðar.



Félagsmiðstöðin hefur mikilvægt hlutverk að gegna sem mál og menningastöð heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og unglinga. Stöðin styrkir málvitund þeirra, félagsþroska og sjálfmynd.

Stjórnir: Lene Jørgensen, heyrnarlaus og heyrnarskertri stjórnir

Jóna G. Gunnarsdóttur, mál 19

### Veist þú...

- hvernig á að rekja athygli heyrnarlausra/heyrnarskertra einstaklinga?
- \* Slökkyva og kveikja ljós þegar þú kemur inn í herbergi, þar sem hinn heyrnarlaus/heyrnarskertri er staður.
- \* Hrista eða banka í borð sem hinn heyrnarlaus/heyrnarskertri hvílir hendi á.
- \* Banka létt á öxl þess heyrnarlausra/heyrnarskertra, ekki á höfuðið eða á bakið.
- \* Veifa hendi eða fót í sjónlínu hins heyrnarlausra/heyrnarskertra.
- \* Stappa í gólf með öðrum fæti.
- að þegar þú yfirgefur hinn heyrnarlausra/heyrnarskertra átt þú ávallt að:
- \* Líta hann vita hvert þú ferð, jafnvel þótt þú farir bara í eldhúsið eða á klósettið og hvað þú artar að gera. Heyrnandi einstaklingar heyrna á fótataki þínu hvert þú ferð en ekki á heyrnarlausra/heyrnarskertri.

Stjórnir: Lene Jørgensen, heyrnarlaus og heyrnarskertri stjórnir

Jóna G. Gunnarsdóttur, mál 19



# „Gott að koma heim til Íslands“

Gunnar Már Ólafsson er 19 ára gamall nemandi í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti á listabraut. Undanfarin 6 ár hefur hann búið í Osló, Noregi með fjölskyldu sinni. Ritstjóri gerði sér lítið fyrir og tók viðtal við hann um árin í Noregi og heimflutninginn til Íslands.

## Hvernig var að vera í skóla í Noregi?


Ég var 13 ára gamall þegar við fluttum út. Ég fór strax í Vetlandsskólann, sem er tvíburaskóli þ.e. skóli fyrir heyrnarlaus, heyrnarskerta og heyrandi nemendur. Nemendum er skipt eftir ákveðnu kerfi til dæmis heyrnarlausir táknmálstalandi bekkir og bekki fyrir heyrnarskerta og svo bekkir fyrir heyrandi. Í frímínútum og í félagsstarfi er öllum blandað svo saman. Þarna lærði ég heilmikið.

## Var mikill munur fyrir þig að vera í norskum skóla miðað við íslenskan?

Já, munurinn var vissulega mikill það var svo mikið nýtt fyrir fyrir mér, svo margir nemendur miðað við fáa í skólanum á Íslandi. Námskröfurnar í norska skólnum voru miklar, þær sömu og til heyrnandi nemenda, námsefnið var líka þróaðra og komið miklu lengra í notkun en á Íslandi. Þetta allt var nýtt fyrir mig og tel ég mig hafa grætt mikið á þessum skóla. Ég útskrifaðist úr þessum skóla með grunnskólapróf, og fór í Sandaker framhaldsskólann, en í millitíðinni fór ég sem skiptinemi til USA. Ég var í San Jósé í Kaliforníu. Þar gekk ég í High school for the Deaf í Freemount rétt hjá San Jósé. Þetta var skóli með 400 heyrnarlausum nemendum og um 75 % af kennaralið skólans var heyrnarlaus. Þetta var visst menningaráfall fyrir mig, þarna upplifði ég engar hrindanir vegna þessa að þær voru ekki til, þarna úði og grúði af öllu tómstundarstarfi sem hægt var að stunda og sem sagt mér leiddist aldrei þarna. Mér þótti hinsvegar leiðinlegt að geta ekki klárað tíma minn þarna því ég lenti í vandræðum með fósturfjölskyldu mína vegna trúarbragða, en þau voru heyrnarlaus. Það má auk þess geta þess að fjölskyldufaðirinn er fimmti ættliðurinn í heyrnarlausri fjölskyldu. Mér þótti mjög gaman að vera hjá þeim sérstaklega vegna þess að táknmál var svo sjálfsagt og við förum í heimsókn til ömmu sem var heyrnarlaus, móðurbróðurinn sem var líka heyrnarlaus og átti heyrnarlaus börn og þar fram eftir götum. Það voru að koma jól og ég hafði sótt um að fá nýja fjölskyldu en hafði ekki fengið neitt svar svo ég þorði ekki að vera hjá fjölskyldunni um jólin og fór bara heim. Svo þegar ég kom heim til Noregs fór ég í Sandaker framhaldsskólann í Osló og var þar á listabraut.

## Var mikið félagslíf meðal ungs heyrnarlauss fólks í Noregi?

Já, það var alltaf nóg að gera í félagslífinu hjá mér í Osló. Í Osló eru starfandi samtök ungs heyrnarlauss fólks, þar var mikið um skipulagt félagsstarf og tók ég fullan þátt í því auk þess sem ég var kosin í varastjórn samtakanna og hafði umsjón með ferðaklúbbi samtakanna. Á þeim tíma sem ég var þarna förum við í svona 10 ferðir á ári innanlands auk þess sáum við líka um skipulag barna



og unglíngamóta á landsvísu. Þetta var mjög drífandi og gefandi félagsstarf, þar eru líka reglulega haldnir fundir um ýmis mál sem snerta ungt fólk á hverjum tíma og lærði maður heilmikið á þessum fundum, sem oft voru mjög langir, en það skiptir engu máli því ég sjálfur get sagt það að ég græddi stórlega á þessu félagsstarfi öllu saman.

## Hvernig var að koma heim til Íslands eftir 6 ára dvöl?

Það var gott að koma heim til Íslands á sinn hátt, sérstaklega til að hitta alla fjölskylduna hér á Íslandi og hafa hana í meiri nálægð núna. En í Noregi vorum bara frændi minn, ég, systir mín, mamma og pabbi. Ekki var

um ömmu eða afa eða aðra að heimsækja í Noregi svo það var viss söknuður í þennan hluta og gott að koma heim hans vegna. Líka það að mig langaði að læra meira í íslenskunni og nota hana meira, sömuleiðis það að þekkja mína ættingja

## Fannstu fyrir menningarsjokki að koma til Íslands?

Já, það var mikið sjokk, sérstaklega tók ég eftir því hvað bílslys hérna voru og eru tíð. Mér finnst ég sjá sjúkrabíl og blikkandi ljós á hverju götuhorni. Mér finnst ég hafa séð fleiri sjúkrabíla með blikkandi sírenur á þeim stutta tíma sem ég hef dvalið hérna síðan síðast í júlí og á 6 ára tímabili í Osló.

Í sambandi við döfssamfélagið var ég hissa að hér væri ekki virkt félag ungs heyrnarlauss fólks og félagsstarf þeirra svoltið á lágu plani má segja. Táknmálið var líka öðrvísi og hér er það talað meðal ungsfólks vil ég meina, svona meira með höndum en munnhreyfingar eru litlar, öfugt við norska táknmálið, þannig að ég varð þá að læra tvö mál á sama tíma þ.e. táknmálið og íslenskuna. Ég mundi vilja sjá vitundarvakningu meðal ungs heyrnarlauss fólks og þau eiga að efla félagsstarf sitt meira og láta mál unga fólks sig meira varða en hefur verið hingað til. En ég skil vel að það er erfitt vegna þess að við erum svo fá. Ég veit líka að það er mikilvægt að hafa svona félag vegna þá eigum við möguleika að vera með í norrænu starfi s.s. fara á barna-unglinga og æskulýðsmót á Norðurlöndum. Vegna þess að þessi mót gefa svo mikið af sér til einstaklingsins er varðar reynslu og kynningu á félagsstarfi heyrnarlausra almennt talið.

## Hvernig hefur félagslífið verið hjá þér síðan þú komst hingað?

Eins og ég sagði er ekki mikið um félagslíf hjá ungu fólki heyrnarlausu hérna, til dæmis að fara í sumarbústaðaferðir eða þá eitthvað annað. Þó það sé svo ekki, er unga fólkið samt duglegt að fara í bíó, út að borða, hittast í heimahúsi og taka spólu á leigu.



Svo ég ákvað að venda kvæði mínu kross og fór að stunda félagslíf hjá heyrandi í tengslum við FB þar sem ég er núna á listabraut. Ég hef farið á fyrirsætunámskeið hjá Móðelsamtökunum og verið valin sem fyrirsæta. Ég fór fyrst á námskeið hjá þeim og var valinn einn af fimm af sjö, ég var eini strákurinn sem var valinn með 4 stúlkum að vera á skrá sem fyrirsætur hjá þeim. Þetta námskeið var skemmtilegt og gat ég vel tekið þátt í því sem fór fram í verklegum þætti. Ég hef einusinni komið fram sem fyrirsæta síðan á Kaffi Reykjavík og sýndi föt frá MÓTOR og það var mjög skemmtileg reynsla, ég vona að það verði eitthvað meira af þessum sýningarstörfum.

### **Þú er núna í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti hvernig er að vera þar?**

Það er ágætt, ég hef eignast nokkra svona kunningja þar. Ég er þar svona mest megin til að læra, námið þar er ágætt. Ég hef bæði táknaðstúlk og rittúlk við námið. Námsráðgjafinn þar hefur verið

duglegur að búa til kerfi fyrir mig í náminu sem hentar mér þrýðilega. Kennarar vita stundum ekki hvernig það eigi að kenna heyrnarlausum, stundum tala þeir hátt en í raun og veru gagnar það ekkert að tala hátt við heyrnarlausan. Auk námsins í FB er ég í einu fagi í MH í íslensku táknaði. Eftir áramót tek í bókmennta-áfanga í MH en held áfram listanáminu í FB. Það er svona nokkurs konar tilraunarverkefni. Námsráðgjafinn í FB skipuleggur og gefur mér hugmyndir hvernig best sé að haga náminu, það er mjög gott að hafa hann til aðstoðar við skipulagningu námsins.

Kennarar sem kenna bókleg fög í MH kunna betur að kenna heyrnarlausum, því þar er meiri reynsla en í FB.

SMS

---

## DAGSKRÁ Í APRÍL

### **Þriðjudaginn 31. mars**

verður fundur með Ástráði Haraldssyni lögfræðingi, Valgerði Stefánsdóttur forstöðumanni Samskiptamiðstöðvar, Ástríði Stefánsdóttur deildarstjóra túlkajónustu og Andrés Guðmundssyni skólastjóra Tómskundaskólans. Það munu koma og sitja fyrir svörum um réttindamál, túlkamál og námskeið á vegum Tómskundaskólans. Húsið opnar klukkan 19:30 og fundurinn hefst klukkan 20:00 og stendur til 21:30.

### **Laugardaginn 4. apríl.**

Milli klukkan 10:00 og 14:00 verður boðið upp á túlka hjá Bifreiðaskoðun Íslands við Vesturlandsveg. Þið getið komið hvenær sem er á þessum tíma með bílinn ykkar í skoðun.

**Þriðjudaginn 21. apríl.** Fundur með Ragnheiði Davíðsdóttur forvarnafulltrúa hjá VÍS. Allt sem þið hélduð að þið vissuð um umferðina, slys og tryggingar verður til umfjöllunar og sérstaklega bent á atriði sem tengjast heyrnarlausum í umferðinni. Komið og rifjið upp eða lærið eitthvað nýtt. Fundurinn hefst klukkan 20:30 og verður haldinn í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta, Sjómannaskólanum.

---

## **Námshagnastofnun Noregs kaupir íslenskt margmiðlunarforrit til námsefnisgerðar og tungumálakennslu á táknaði**

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur selt Nasjónalt læremiddelcenter, eða Námshagnastofnun Noregs, leyfi til að nota íslenskan hugbúnað til námsefnisgerðar og tungumálakennslu á táknaði. Annars vegar er um að ræða forritið Smið, sem er höfundakerfi, til þess að semja námsefni á táknaði. Hinsvegar er spilarinn sem er nemendakerfi til þess að nota eða spila námsefnið. Höfundur hugbúnaðarins er Trausti Kristjánsson verkfræðingur sem vann forritin í samvinnu við Samskiptamiðstöðina.

Samkvæmt kaupsamninginum sem var unninn með stuðningi Menntamálaráðuneytsins, hefur Námshagnastofnun Noregs rétt til þess að nota forrit Samskiptamiðstöðvarinnar í tvö ár. Auk þess munu Samskiptamiðstöðin og Müllers Kompetancecenter í Noregi vinna að áframhaldandi þróun forritsins og Námshagnastofnunin

norska greiðir 75% af kostnaði við þá vinnu.

Í samkomulaginu kemur fram að markmið Samskiptamiðstöðvarinnar og norsku Námshagnastofunnar sé að gera hágæða efni á táknaði fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta.

Allar nánari upplýsingar um forritin er hægt að fá hjá Valgerði Stefánsdóttur forstöðumanni SHH á staðnum eða í síma 562 7702.

---

## **Dósasöfnun**

Nemar í táknaðstúlkun eru að safna dósum til að fjármagna námsferð til Danmerkur á Menningarhátíð heyrnarlausra í Bornholm. Ef þið vilduð vera svo góða styrkja okkur þá tökum við við dósum þriðjudaginn 7. apríl milli kl. 16.00-19.00 í Samskiptamiðstöðinni. Með þátttöku á menningarhátíðina öðlumst við mikilvæga reynslu fyrir framtíð okkar sem túlka

Kær kveðja Túlkaneimar í HÍ.



**NORRÆN  
MENNINGARHÁTÍÐ  
HEYRNARLAUSRA Í  
BORNHOLM  
5-9 JÚLÍ 1998**

Í sumar verður 18. norræna menningarhátíðin hladin í Bornholm í Danmörku. Yfirskrift hátíðarinnar er „heyrnarlaus í fjölskyldunni og hvað þá“ Þetta er í fyrsta skiptið sem hátíðin leggur áherslu á heyrnarlaus og heyrandi foreldra sem eiga heyrnarlaus og/eða heyrandi börn.

Bornholm er sólríkasti staður Danmerkur, lítil eyja, suðaustur af Kaupmannahöfn.

**DAGSKRÁ HÁTÍÐARINNAR ER SVOHLJÓÐANDI**  
(í stuttu máli)

**Sunnudagur 5. júlí**

Opnunarhátíð, skemmtiatriði  
fyrir börn og fullorðna  
Kabarett, leikhús kvikmyndir og myndbönd

**Mánudagur 6. júlí**

Þá verða vinnuhópar sem vinna með  
leiklist og listir,  
danstónlist og fyrirlestrar  
Farið verður í stutta skemmtiferð  
Leikhús og skemmtiatriði

**Þriðjudagur 7. júlí**

Vinnuhópar, skemmtiatriði,  
fyrirlestrar og leikhús

**Miðvikudagur 8. júlí**

Vinnuhópar, fyrirlestrar, skemmtiferð,  
leikhús og skemmtiatriði.  
Opið málþing (pallborðsumræður)

**Fimmtudagur 9. júlí**

Vinnuhópar fyrir börn og fullorðna  
Lokahátíð og dúndrandi fjölskylduþáttur

Ef tilkynnt er um þátttöku fyrir 1. apríl er þátttökugjald í dönskum krónum er 800,- (ca. 8.000,- ískr.) dkr. 400,- fyrir börn 7-14 ára en frítt fyrir yngri en 7 ára.

Gjaldi hækkar um dkr. 50,- -100,- ef bókað er eftir 1. apríl.

Síðasti dagur til að kynna þátttöku er 15. maí 1998

Allar upplýsingar um gistingu flugferðir og þátttökublað er að finna hjá Önnu V. á skrifstofu Félags heyrnarlausra.

**DØV**  
**i familien**  
**- og hvad så?!**

*A deaf Member in the Family  
- and so what ?!*



**DØVES**  
**18. NORDISKE KULTURFESTIVAL**  
**5. – 9. juli 1998**  
**Allinge-Sandvig, Bornholm DK**